

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005
2005110013/42-1
SB/rsb

Umsögn um frumvarp til vatnalaga

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dag. 17. nóvember 2005 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til vatnalaga. Frumvarp þetta er nú lagt fram í annað sinn, örlítið breytt. Náttúrufræðistofnun gerði athugasemdir við frumvarpið eins og það lá fyrir síðasta löggjafarþingi, sbr. bréf dags. 2. mars 2005 (sjá hjálagt).

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar þeirri breytingu sem gerð hefur verið á 1. gr. frumvarpsins og lýtur að því að framkvæmdir raski ekki lífríki vatns, vistkerfum eða landslagi, að öðru leyti stendur umsögn stofnunarinnar frá 02. mars 2005 og er vísað til hennar hér með.

Náttúrufræðistofnun vill nota tækifærið og áréttta að vatn er lífsnauðsynlegt efni fyrir manninn og lífríki jarðarinnar. Það er á sífelldri hringrás um heiminn og því í grundvallaratriðum ólíkt öðrum jarðrænum auðlindum. Stofnunin er eindregið þeirrar skoðunar að forgangsroðun varðandi lagasetningu um vatn og umsýslu með því, sé hollustuhættir, umhverfi og orkunýting, og því beri að bíða með sértæka lagasetningu um eignarhald og nýtingu vatns þar til vatnatilskipun ESB frá 2000 (2000/60/EC) hefur verið lögleidd hér á landi, en þar eru hollustuhættir og umhverfisvernd í fyrirrúmi. Ennfremur telur stofnunin rétt, í ljósi samfélagsumræðu um eignarhald á vatni annars vegar og almennarétt og náttúruvernd hins vegar, sem verið hefur frá því frumvarpið kom fyrst fram á Alþingi, að íhuga alvarlega að halda ákvæði um eignarhald/nýtingarrétt (2. gr.) óbreyttu frá því sem er í gildandi lögum, þ.e. efnislega: "Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila." Þetta orðalag hefur reynst farsælt í tímans ráðs og ekki ástæða til að breyta því "formsins" vegna.

Á fundi með iðnaðarnefnd Alþingis á síðasta þingi (131. löggjafarþingi) rakti forstjóri Náttúrufræðistofnunar athugasemdir stofnunarinnar við einstakar greinar frumvarpsins en þær er ekki að finna í umsögninni. Óski nefndin eftir að þessar athugasemdir verði endurteknar verður fúslega orðið við þeirri beiðni.

Náttúrufræðistofnun hefur borist greinargerð sem unnin er af Orkustofnun og fjallar m.a. um umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarp til laga um vatnalög frá 2. mars 2005. Í þessari greinargerð eru settar fram villandi upplýsingar og þess vegna óskar Náttúrufræðistofnun eftir að ræða þetta bréf við iðnaðarnefnd hafi hún í hyggju að nota plagg Orkustofnunar við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottóson
forstjóri

Meðfylgjandi er ljósrit af umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 02. mars 2005.